

Kári og Júlíus

Leiðbeiningar

Lestu klípusöguna.

Kári sendir vini sínum Júlíusi stutt heimagert myndband sem er endurgerð á frægri senu úr fantasíumynd. Júlíus hlær að því hvernig Kári lítur út og sýnir það öðrum strák, Fannari, í skólanum. Fannar hlær líka að Kára og ákveður síðan að birta það á vefsíðu sem deilir myndböndum. Hundruð manna skoða síðan myndband Kára og margar ógeðslegar athugasemdir eru settar inn. Á hverjum degi fer Kári á netið til að skoða síðuna og sér fleiri athugasemdir eins og „fífl“ og „feitur nörd“. Á hverjum degi fer hann í skólann og heyrir svipuð ljót ummæli frá sumum bekkjarfélögum sínum. Engir fullorðnir vita um ástandið, ekki einu sinni foreldrar Kára. Einn kennari í skólanum heyrir strákana hlæja að myndbandinu en er ekki viss um hvað þeir eru að tala.

2. hluti: Skoðum mismunandi sjónarhorn

Leiðbeiningar

Í hópnum þínum fær hver einstaklingur hlutverk persónu úr klípusögunni sem eru: Júlíus, Fannar, kennarinn sem heyrði strákana hlæja eða foreldri Kára. Skrifðu niður það hlutverk sem þú færð. Út frá því sjónarhorni eða hlutverki fyllirðu út dálkana í töflunni. Þegar þú ert búin/n ræðið þið svörin við bekkjarfélagi.

Ég tek fyrir hlutverk _____. Út frá því sjónarhorni ...



Kári og Júlíus

...ég hagaði mér eins og ég gerði vegna þess að...	Það sem ég hefði geta gert öðruvísi var að...	Það sem gæti hafa komið í veg fyrir að stoppa mig eða láta mig til að bregðast öðruvísi við var að...
- Ég vildi deila einhverju myndu með vini mínum, honum Fannari (Júlíus) - Ég vildi fá mikið áhorf og ég vildi að fólk myndi hlæja að Kára (Fannar) - Ég vissi ekki af hverju þeir voru að hlæja og ég vildi ekki skipta mér af (Kennarinn) - Ég vissi ekki hvað hafði gerst (Foreldri Kára)	- Ég hefði getað beðið Fannar að deila þessu ekki á netinu eða beðið hann um að fjarlægja þetta (Júlíus) - Ég hefði getað sleppt því að deila þessu á netið, eða fjarlægt það þegar ég sá neikvæðu athugasemdirnar (Fannar) - Ég hefði getað spurt strákana af hverju þeir voru að hlæja, eða kannað málið betur (Kennarinn) - Ég hefði getað athugað með Kára til að sjá hvort að allt væri í lagi, eða fylgst betur með því hvað hann væri að gera á netinu (Foreldri Kára)	- Ég vildi ekki að Fannar vissi að ég væri vinur Kára (Júlíus) - Að fá áhorf og láta fólk hlæja var mikilvægara fyrir mig heldur en líðan Kára (Fannar) - Ég vildi ekki skipta mér af af því að ég vil að nemendur mínir geti treyst mér. (Kennarinn) - Ég vil að Kári viti að ég treysti honum, þess vegna vildi ég ekki ýta við honum eða athuga með hann. (Foreldri Kára)



Kári og Júlíus

Hugleiðingar/spurningar

1. Skoðaðu það sem bekkjarfélagar þínir deildu með þér, hvað hafðir þú ekki hugsað út í þegar þú hugsaðir um sjónarhornið sem þú valdir?

Svör geta verið misjöfn

2. Miðað við umræðuna í hópnum þínum, hvað hefði getað hjálpað Kára í þessari stöðu?
Með hvaða aðgerðum hefði fólk í kringum Kára getað hjálpað honum?

- Ef Júlíus og Fannar hefðu hugsað um hvernig aðgerðir sínar hefðu áhrif á Kára þá hefðu þeir kannski ekki deilt myndbandinu eða leyft því að vera áfram á netinu.
- Ef einhver sem sá myndbandið hefði verið verndari eða bandamaður og athugað með Kára, varið hann, sagt fullorðnum, þá hefði þetta mögulega ekki haft svona mikið áhrif á Kára.
- Ef einhver fullorðinn, kennari eða foreldri Kára, hefði skoðað málið betur, þá hefði viðkomandi geta stigið inn í og stoppað eineltið áður en það fór of langt.

